

Nd.

922. Nefndarálit

um frumv. til laga um dýrtíðarskatt af tekjum.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Því verður eigi neitað, að svo framarlega sem nákvæmur tekjuskattur hefði verið kominn hjer í lög, skattur sem hvildi á rjettu framtali allra tekna landsmanna á hreinum tekjum, hvers konar sem væru, þá hefði verið handhægt að koma fyrir dýrtíðarskatti, í svipaða átt og frumv. þetta fer. En einmitt þetta tekjuframtal er örðugt og tafsamt að fá svo í lagi sje. Til þess þarf bæði nákvæm lagafyrirmæli, og nákvæmar reglur frá landsstjórninni. Og loks má búast við, að fyrstu tilraunir í þessa átt yrðu ófullkomnar. Þess vegna álitum vjer, að til þessarar aðferðar verði eigi gripið í flýti nje flaustri, nje til bráðrar hjálpar, þar sem enginn undirbúningur er fyrir. Hitt virðist standa miklu nær, að sveitar- og bæjarstjórnir hafi hinn mikla tekjuauka framleiðenda, sem flýtur af verðhækkun islenskra afurða, fyrir gjaldstofn í hverju sveitar- og bæjarfjelagi um sig, til þess að jafna á dýrtíðargjaldi eftir þörfum. Og frumv. í þá átt hefir nefndin til meðferðar.

Vjer getum því ekki ráðið háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið um dýrtíðarskatt af tekjum.

Alþingi 10. sept. 1915.

Pjetur Jónsson,
skrifari.

Pórarinn Benediktsson.

Guðm. Hannesson.

Samþykkur niðurstöðu nefndarálitsins.

Eggert Pálsson,
formaður.